

nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981. Eigi verður fallist á, að efni sáttarinnar sé of óljóst til þess hún verði gerð.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð. Málskostnaðar verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 191/1987.

**Björn Magnússon og
Einar Svavarsson**

gegn

sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu

félagsmálaráðuneytinu

dómsmálaráðuneytinu

fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs

Áshreppi

Sveinsstaðahreppi

Blönduóshreppi

Svínavatnshreppi

Torfalækjarhreppi

Þverárhreppi

og eigendum og ábúendum jarðanna

Stóru-Giljár, Þingeyra, Hnaua I

Axlar I og II, Undirfells og

Nautabús

Kærumál. Máli vísað að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27.

maí 1987, er barst Hæstarétti 4. þ.m. Þeir krefjast þess að hinn kærði frávisunardómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar og dómsuppsögu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu er þess krafist að frávisunardómurinn verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til greiðslu kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra er þess krafist aðallega að frávisunardómurinn verði staðfestur, en til vara að hann verði staðfestur að því er nefnda varnaraðila varðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Af hálfu varnaraðila Áshrepps er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Greinargerð eða kröfur hafa eigi þorist frá öðrum varnaraðilum en þeim sem nú voru greindir.

Sóknaraðilar hafa ekki leitt rök að því, að í desember 1986, þegar þeir höfðuðu mál þetta, hafi það skipt þá máli að lögum að fá fyrri kröfu sína tekna til greina með dómi. Er krafa þessi um viðurkenn-ingardóm um ógildi sýslunefndarsamþykktar 27. júní 1985 um upp-rekstur það sumar og virðist henni beint að öllum varnaraðilum. Ber því að vísa kröfunni frá héraðsdómi.

Skaðabótakröfu sóknaraðila er, að því er berum orðum segir í héraðsstefnu, beint að ríkissjóði, en annarra varnaraðila er þar ekki getið. Bótakrafan er byggð á því, að sóknaraðilar hafi orðið fyrir tjóni vegna fyrrnefndrar samþykktar sýslunefndar og framkvæmda sýslumanns á grundvelli hennar. Eftir frávisun fyrri kröfunnar í málinu, er ekki réttarfarslegur grundvöllur til frávisunar bótakröfunnar. Verður frávisunarkrafa fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs því ekki tekin til greina.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er staðfestur að því er varðar kröfu sóknaraðila um ógildingu samþykktar sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu 27. júní 1985.

Hinn kærði frávisunardómur er felldur úr gildi að því er varðar kröfu sóknaraðila um skaðabætur úr hendi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Húnavatnssýslu 14. maí 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi um frávisunarkröfur stefndu fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra, dómsmálaráðherra, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu og Áshrepps 14. apríl s.l. er höfðað hér fyrir þinginu með stefnum birtum og þingfestum 19. desember 1986 af Birni Magnússyni, nnr. 1344-5214, bónda á Hólabaki og Einari Svavarssyni, nnr. 1835-0548, bónda á Hjallalandi, báðum í Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu gegn oddvita sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu Jóni Ísberg, Hnjúkabyggð 33, Blönduósi, fyrir hönd sýslunefndar, félagsmálaráðherra hr. Alexander Stefánssyni fyrir hönd félagsmálaráðuneytisins, dómsmálaráðherra hr. Jóni Helgasyni, fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins, fjármálaráðherra, hr. Þorsteini Pálssyni, fyrir hönd ríkissjóðs, hr. Jóni B. Bjarnasyni oddvita, Ási Áshreppi, fyrir hönd Áshrepps, hr. Þóri Magnússyni oddvita, Syðri-Brekku, Sveinsstaðahreppi fyrir hönd Sveinsstaðahrepps, hr. Torfa Jónssyni oddvita, Torfalæk, Torfalækjarhreppi, fyrir hönd Torfalækjarhrepps, hr. Sigurjóni Lárussyni oddvita, Tindum, Svinavatnshreppi, fyrir hönd Svinavatnshrepps, hr. Hilmarí Kristjánssyni oddvita, Hlíðarbraut 3, Blönduósi, fyrir hönd Blönduóshrepps, og hr. Agnari Levy oddvita, Hrísakoti, Vestur-Húnavatnssýslu fyrir hönd Þverárhrepps, svo og eigendum Þingeyra, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, þeim Ingimundi Sigfússyni, Tjarnargötu 46, Reykjavík, Sverri Sigfússyni, Haðalandi 22, Reykjavík, Sigfúsi Sigfússyni, Starhaga 6, Reykjavík og Margréti Sigfúsdóttur, Viðimel 66, Reykjavík, ennfremur eiganda Undirfells, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Páli Hannessyni, Grænutungu 3, Kópavogi, eiganda Nautabús, Áshreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Jóni Hannessyni, Húnaþraut 22, Blönduósi, — ábúanda og eiganda Stóru-Giljár, Torfalækjarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Erlendi Eysteinsyni, bónda sama stað, — ábúanda og eiganda Axlar I og Axlar II, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Svavari Jónssyni, bónda sama stað, — ábúanda og eiganda Hnausa I, Sveinsstaðahreppi, Austur-Húnavatnssýslu, hr. Leifi Sveinbjörnssyni, bónda sama stað.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

1. Að úrskurður stefndu, sýslunefndar A-Húnavatnssýslu frá 27.6. 1985

um nýtingu sameiginlegra beitarlanda Ás- og Sveinsstaðahrepps verði dæmdur markleysa (nullitet) og að engu hafandi.

Til vara er þess krafist að nefndur úrskurður veðri dæmdur ógildur frá öndverðu (ógilding „ex tunc“).

2. Að stefnda ríkissjóði verði með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 18.11. 1985, dæmt að greiða skaðabætur vegna þess tjóns sem af ólögmatum niðurrekstri hrossa stefnanda hlaust, kr. 50.518,35 til stefnanda Einarssonar vegna niðurrekstrar 30 hrossa hans og kr. 32.298,65 til stefnanda Björns Magnússonar vegna niðurrekstrar 19 hrossa hans, samtals að upphæð kr. 82.817,00.

Til vara er krafist skaðabóta, kr. 18.578,75 til stefnanda Einarssonar og kr. 11.878,35 til stefnanda Björns Magnússonar, samtals að upphæð kr. 30.457,00 með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma frá 18.11. 1985.

Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra gera þær dómkröfur að málinu verði vísað frá dómi að því er þá varðar og að þeim verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins.

Stefndu sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, Blönduóshreppur, Svínvatnshreppur, Torfalækjarhreppur og eigandi jarðarinnar Stóru-Giljár gera þær dómkröfur aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda.

Stefndi Áshreppur krefst þess að málinu verði vísað frá dómi að því er hann varðar.

Stefndu Sveinsstaðahreppur og Þverárhreppur hafa látið mæta í málinu og lýsa yfir stuðningi við kröfur stefnenda.

Af hálfu annarra stefndu hefur ekki verið sótt þing.

Jón Ísberg sýslumaður í Húnavatnssýslu vék sæti í málinu með úrskurði 19. desember 1986. Undirritaður dómari var skipaður setudómari með bréfi dómsmálaráðuneytisins 17. febrúar 1987.

II.

Í stefnu eru málsatvik greind þannig:

„Stefndu, Áshreppur og Sveinsstaðahreppur, mynda skv. 2. gr. fjallskilareglugerðar fyrir A-Húnavatnssýslu nr. 177/1971 sameiginlega upprekstrarfélag (fjallskiladeild) sem sjá skal um fjallskilamál innan sinna takmarka. Þar er um að ræða afréttarlönd á Grímtungu- og Haukagilsheiðum, Sauðadal og nærliggjandi afréttarlönd. Þann 22/4 1985 voru gerðar 3 ítölur fyrir afrétti á framangreindu fjallskilasvæði. Þó svo gildi þessara ítölugerða væri umdeilt, höfðu þær ekki verið dæmdar ógildar þegar sýslunefnd kvað upp úrskurð sinn.

Stjórn upprekstrarfélagsins, en hana mynda hreppsnefndir framangreindra hreppa, hélt fund 11.6. 1985 til að reyna að ná samkomulagi um nýtingu afréttanna sumarið 1985. Á þeim fundi voru lagðar fram tillögur um gróðurverndaraðgerðir, m.a um bann við upprekstri hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiði. Ekki náðist samkomulag á fundi þessum og framangreindar tillögur féllu á jöfnum atkvæðum.

Næst gerist það í máli þessu að stefndi, hreppsnefnd Áshrepps, krefst þess með bréfi dags. 12.6. 1985 að stefnda, sýslunefnd A-Húnavatnssýslu, kveði upp tafarlausan úrskurð um ágreining þann sem upp var kominn í stjórn upprekstrarfélagsins (fjallskiladeildarinnar). Sýslunefnd A-Húnavatnssýslu bregður skjótt við og á aukafundi sínum þann 27.6. 1985 kveður hún upp úrskurð sem m.a. mælir fyrir um að upprekstur hrossa fram fyrir girðingu á Grímstungu- og Haukagilsheiði verði ekki heimilaður.

Þann 8.7. kærir stefnda, hreppsnefnd Sveinsstaðahrepps, A-Húnavatnssýslu, þennan úrskurð sýslunefndarinnar til félagsmálaráðuneytisins. Í þeirri kæru kemur m.a. fram að hreppsnefndin telur úrskurðinn vera markleysu sem beri að fella úr gildi.

Þegar stefnendur höfðu bedið eins lengi og þeir töldu sér unnt eftir að félagsmálaráðuneytið staðfesti að úrskurður stefndu, sýslunefndar, væri markleysa, ráku þeir hross sín á Haukagilsheiði. Áður höfðu einnig bændur í Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu, fengið leyfi með fullu samráði við stefnda, Jón Ísberg sýslumann, til að reka 50 hross á Haukagilsheiði. Upprekstur stefnenda átti sér stað 5. ágúst. Úrskurður félagsmálaráðuneytisins var hinsvegar ekki kveðinn upp fyrr en 16. ágúst. Að frumkvæði stefnda, sýslumanns A-Húnavatnssýslu, Jóns Ísbergs, og stefnda, oddvita Áshrepps, Jóns Bjarnasonar, var síðan hinn 7. ágúst farið á Haukagilsheiði og smalað niður sextíu og þremur hrossum. Stefnendum var gefinn kostur á að sækja hross sín í Undirfellsrétt, sem þeir og gerðu. Þangað sóttu stefnendur 21 fullorðið hross. Hross Þverhreppinga, sem voru 30 að tölu og höfðu verið skilin úr stóðinu ásamt þeim 12 hrossum sem eftir voru, og eins og það var orðað í lögregluskýrslu frá 7.8. 1985 „voru talin vera úr Víðidal“ voru daginn eftir rekin aftur á Haukagilsheiði, þrátt fyrir að þau tilheyrðu öðru fjallskilasvæði. Tveimur dögum síðar, eða þann 9. ágúst, var hrossum smalað niður af Grímstunguheiði að frumkvæði sömu manna sem fyrr.

Hrossastóðið sem samanstóð að þessu sinni af 28 fullorðnum hrossum auk folalda, var rekið í Grímstungurétt. Þar var stóðið í lögregluvörslu þar til stefnendur, ásamt Magnúsi Péturssyni bónda að Miðhúsum í Vatnsdal, komu að sækja það. Rétt er að geta þess að hross þau sem stefnandi Björn Magnússon rak á afrétt 5. ágúst var fyrsti búpeningurinn sem hann rak og reyndar sá eini sem hann ætlaði að reka þar sem hann á ekki sauðfé. Flestir aðrir bændur ráku sauðfé sitt á afrétt um mánaðamótin júní og júlí.

Þess er einnig að geta að upprekstrarmál stefnanda hafa verið til meðferðar hjá sakadómi A-Húnavatnssýslu.

Að lokum er rétt að taka það fram að mál það sem hér er endurflutt var upphaflega höfðað fyrir aukadómþingi Austur-Húnavatnssýslu með stefnum birtum og þingfestum 18. nóvember 1985, en var vísað frá með dómi uppkveðnum 29. júlí sl.

Skaðabótakrafan skiptist í föðrunarkostnað, akstur með hross, kaup heimrekstrarmanna og bifreiðagjald.“

III.

Stefndu, fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og dómsmálaráðherra styðja frávísunarkröfur sínar með vísan til 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 eins og ákvæðinu var breytt með 13. gr. laga nr. 28/1981. Þar sé kveðið á um það, að fleiri mönnum sé rétt að sækja mál í félagi og rétt sé að sækja fleiri menn í einu máli, ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar. Ella skuli að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar. Tilvitnað ákvæði fjalli um svonefnt aðiljasamlag. Stefndu telji, að stefnendur geri dómkröfur á þá annars vegar, og aðra stefndu hins vegar, sem ekki séu af sömu rót runnar og verði ekki sóttar í einu og sama máli. Þeim sýnist kröfugerð stefnenda vera tilraun til sameiningar tveggja mjög ólíkra mála í eitt og að rök stefndu séu eftirfarandi.

Stefnendur geri annars vegar dómkröfur þess efnis að úrskurður stefndu, sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, frá 27. júní 1985 verði dæmdur markleysa og að engu hafandi, og til vara að hann verði dæmdur ógildur frá öndverðu, sbr. dómkröfu stefnanda nr. 1. Þessar dómkröfur stefnenda beinist að stefndri sýslunefnd en alls ekki að hinum stefndu ráðherrum, eins og kröfurnar séu settar fram í þessu máli.

Hins vegar geri stefnendur dómkröfur á hendur stefndu þess efnis að þeir verði dæmdir til að greiða stefnendum skaðabætur vegna meints tjóns sem af ólögætum niðurrekstri hrossa stefnenda hlaut, sbr. dómkröfu stefnenda nr. 2.

Upphaf þessara tveggja mismunandi dómkrafna stefnenda sé alls óskýlt. Upphaf dómkröfu nr. 1 verði rakið til ágreinings hreppsnefnda Áshrepps og Sveinsstaðahrepps og úrskurðar sýslunefndar vegna hans. Efni þessarar kröfu sé stjórnarfarsréttar edlis, þar sem m.a. reyni á ýmis atriði á því sviði lögfræðinnar og ýmis álítaefni varðandi afréttarmálefni og fjallskil. Hins vegar sé upphaf dómkröfu nr. 2, það að stefnendur fóru ekki eftir úrskurði sýslunefndar, né biðu eftir niðurstöðu félagsmálaráðuneytisins um kæru hreppsnefndar Sveinsstaðahrepps til ógildingar á sýslunefndarúrskurðinum, og ráku hross sín á heiðarnar. Sýslumaður hafi rekið hrossin niður af heiðunum í skjóli sýslunefndarúrskurðarins. Efni þessarar dómkröfu stefnenda

sé skaðabótaréttar eðlis og þar reyni á ýmis atriði varðandi hugsanlega bótaábyrgð hins opinbera vegna athafna starfsmanna þess og þær lagareglur sem um það svið gilda.

Stefndu benda á að af framansögðu sé ljóst að stefnendur geri mjög mismunandi dómkröfur, grundvöllur krafanna sé sinn hvor, auk þess sem kröfurnar byggist á mismunandi málsástæðum, lagareglum og ólíkum málsatvikum. Þeir benda og á, að varnir þeirra gegn dómkröfu stefnanda nr. 2 annars vegar, og varnir meðstefndu um dómkröfu stefnanda nr. 1, yrðu ólíkt byggðar upp og gengju hver í sína áttina. Gagnaöflun og vitnaleiðslur færu heldur ekki saman. Allt sé þetta af því að dómkröfur stefnanda séu alls ekki af sömu rót runnar, og verði því ekki sóttar í sama máli. Þessi málatilbúnaður stefnanda hafi í för með sér réttarfarsþyngsli og óhagræði þar sem málsmeðferðin yrði mjög ógreið og óskýr, og dómarninn væri í reynd með tvö mjög ólík dómsmál í gangi á sama tíma.

Stefndu, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur og Torfalækjarhreppur og eigandi Stóru-Giljár, styðja kröfu sína um frávisun málsins í heild með því að taka undir málsrök meðstefndu. Þeir benda og á, að um óheimilt aðiljasamlag sé að ræða, og þá sé eðlilegra að vísa málinu frá í heild, en ekki að hluta, til þess að stefnendur megi höfða það á réttan hátt til þess að fá svar við spurningunni, hver sé hinn skaðabótaskyldi aðili.

Stefndi Áshreppur rökstyður frávisunarkröfu sína með því að um sé að ræða óheimila málasmsteypu, og tekur undir með rökum meðstefndu. Hann bendir og á, að spurningin sé einfaldlega um það, hvort kröfur stefnenda séu af sömu rót eða ekki. Málið snúist um tvo sjálfstæða þætti, þ.e. annars vegar úrskurð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu frá 27. júní 1985, og hins vegar aðgerðir löggæslumanna í Austur-Húnavatnssýslu sem meintra offara. Hér sé að vísu orsakasamhengi í milli, en um sé að ræða tvo sjálfstæða atburði eða þætti, sem ekki séu samrættir. Þótt annan atburðinn leiði af hinum, og því megi segja að tengsl séu milli þeirra í tíma, séu þeir samt ekki samrættir í skilningi 47. gr. eml. Stefndi Áshreppur eigi enga aðild að síðara þættinum, en þeir hreppar sem hagsmuna hafi að gæta eigi væntanlega aðild að fyrra þættinum. Áskilnaður um sömu rót krafna sé til að forðast óþarfa réttarfarsþyngsl, eins og hér séu á ferðinni

IV

Stefnendur mótmæla frávisunarkröfunum og krefjast þess að þeim verði hrundið með úrskurði, og þeir krefjast málskostnaðar í þessum þætti málsins. Þeir benda á að upphafið að málinu sé ágreiningurinn milli hreppanna um hvort banna skyldi upprekstur hrossa, og það sé rótin að öllu málinu.

Úrskurður sýslunefndar sé forsenda tjóns þess, sem stefnendur hafi orðið fyrir, og spurning sé, hvort úrskurðurinn hafi verið markleysa eða ekki. Nú sé tekist á um það, hvort stefnukröfur séu samrættar í skilningi 47. gr. eml. Fræðimenn hafi bent á að sókn krafna í einu máli sé ætluð aðiljum til hagræðis, og að hugsunin sé sú, að málsástæður þurfi að vera hinar sömu í þeim mæli að það verði til tímasparnaðar og hagræðis að öðru leyti við meðferð málanna að fjalla um þau í einu lagi. Kjarninn í 1. mgr. 47. gr. eml. sé sá, að þeim mun nánari og samgrónari sem afskipti þeirra, sem stefnt er, eru af þeim málefnum sem stefnt er vegna, þeim mun vægari kröfur séu gerðar um sjálf tengsl krafna, eða m.ö.o. þeim mun rýmra sé skilyrðið um „sömu rót“ túlkað. Í máli þessu séu allar kröfur stefnenda runnar af ágreiningi þeim er upp kom í upprekstrarfélagi Ás- og Sveinsstaðahrepps um hvort banna skyldi alfarið upprekstur hrossa á Grímstungu- og Haukagilsheiði. Það horfi til tímasparnaðar og hagræðis að fjalla um kröfur stefnenda og málsástæður fyrir þeim í einu máli. Nægi í því sambandi að benda á að úrskurður sýslunefndar hafi verið forsenda þess tjóns sem stefnendur hafi orðið fyrir, og því yrði ekki hjá því komist að fjalla um gildi hans í skaðabótamáli sem höfðað yrði vegna þess tjóns. Stefnendur leggi þunga áherslu á, að afskipti sýslunefndar og sýslumanns í máli þessu séu það nán og samgróin að eðlilegt sé að um kröfurnar sé fjallað í einu máli.

V

Þeir stefndu, sem mætt hafa og gert kröfur um frávisun málsins að öllu leyti eða að hluta benda á að málið, eins og stefnendur hafi höfðað það, sé í raun samsteypa úr tveimur málum. Það snúist um tvo þætti, annars vegar úrskurð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu frá 27. júní 1985, og hins vegar aðgerðir löggæslumanna í Austur-Húnavatnssýslu. Slíkt sé ekki aðeins óheimilt verjendasamlag heldur og óheimil málasmsteypa þar sem kröfur stefnenda séu ekki af sömu rót runnar.

Stefnendur benda á að orsakasamhengi sé á milli krafna þeirra að því leyti að ekki yrði hjá því komist að fjalla um gildi úrskurðar sýslunefndar í skaðabótamáli vegna tjóns af ólögætum niðurrekstri hrossa.

Fallast ber á með stefndu að kröfur stefnenda séu ekki af sömu rót runnar. Einnig ber að fallast á að kröfur stefnenda byggist á svo mismunandi málsástæðum og lagareglum að ekki sé eðlilegt að um þær sé fjallað í einu og sama málinu. Þykir því rétt, með vísan til 1. mgr. 47. gr. og 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936 að vísa málinu í heild frá dómi.

Eftir öllum atvikum þykir og rétt að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason setudómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júlí 1987.

Nr. 225/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Björgólfi Guðmundssyni

Ragnari Kjartanssyni

Páli Braga Kristjónssyni og

Helga Magnússyni

Kærumál. Vanhæfi ríkissaksóknara. Máli vísað frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Hinn kærði frávisunardómur var kveðinn upp 16. þ.m. Þá lýsti vararíkissaksóknari, Bragi Steinarsson, yfir því að hann, af hálfu ákærvaldsins, kærði dóminn til Hæstaréttar. Kæra þessi er heimil samkvæmt 3. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi.

Í greinargerðum verjenda ákærðu er þess krafist að hinn kærði frávisunardómur verði staðfestur og varnaraðiljum dæmdur kærumálskostnaður.

Fallast ber á rök héraðsdómara fyrir því að rétt sé að vísa ákæru í máli þessu frá dómi. Samkvæmt því er niðurstaða hins kærða frávisunardóms staðfest.